



Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2020

Nauðsynleg framlenging umsókna í ferðaábyrgðasjóð með breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, með síðari breytingum (framlenging).


Neytendasamtökin mótmæltu því í vor þegar skylda átti farþega til að þiggja inneignarnótu vegna pakkaferða sem ekki voru farnar vegna Covid faraldursins. Í framhaldinu voru sett lög nr. 111/2020 sem gerði ferðaþjónustuaðilum kleift að sækja um lán í Ferðaábyrgðasjóð til að standa undir endurkröfum. Frestur til að gera kröfu í sjóðinn var til 30. september 2020. Neytendasamtökin taka undir með Samtökum ferðaþjónustunnar um að eðlilegt sé að framlengja frestinn til ársloka í ljósi þess að enn hindrar faraldurinn neytendur að njóta þjónustu greinarinnar.

Neytendasamtökin taka því undir með Samtökum ferðaþjónustunnar sem leggja til eftirfarandi breytingar á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

- a. Í stað dagsetningarinnar „30. september 2020“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 31. desember 2020.
- b. Í stað dagsetningarinnar „1. nóvember 2020“ í 1. másl. 10. mgr. kemur: 1. febrúar 2021.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar er nægt svigrúm innan heimilda sjóðsins til framlengingarinnar. Slík framlenging kæmi bæði fyrirtækjum í ferðaþjónustu og neytendum til góða.

Virðingarfyllst,
F.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður